



# Akureyri

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Ráðhúsið, Geislagötu 9, 4. hæð • www.akureyri.is •  
Akureyri dags. 2020.03.17 • OneSystem: xxxxxxxxxxxx

## **Ósk um framkvæmdaleyfi - stígar meðfram Síðubraut og Sjafnargötu**

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Akureyrarbæjar skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/210, vegna framkvæmda samkvæmt gildandi aðal- og deiliskipulagi.

Verkið snýst um að gera stíga meðfram Síðubraut og Sjafnargötu. Stígarnir eru að stórum hluta til staðar í dag, en verkið snýst um að breikka núverandi stíga svo þeir verði í samræmi við drög að stígaskipulagi bæjarins. Umræddir stígar verða 4,5m að breidd en eru ýmist 2,5 eða 2,25m á gildandi deiliskipulögum.

Ekki er um mikið magn af uppgröfnum efni sem þarf að flytja á brott. Efnið verður að mestu nýt á svæðinu, s.s. í fláa. Umframefni verður flutt á losunarsvæði við Golfvöllinn. Annað efni, s.s. burðarlagsefni kemur úr viðurkenndum námum í Eyjafirði. Á einum stað þarf að fjarlægja klöpp (við gatnamót Síðubrautar og Sjafnargötu), magnið liggur ekki fyrir sökum snjóá, en gróflega má gera ráð fyrir um 1-200m<sup>3</sup>. Því efni verður annað hvort ekið í haug við Malbikunarstöð Akureyrar og blandað malbikskurli eða í fyllingu við Flugvöllinn.

Stefnt er á að verkið hefjist sumarið 2020 og lokið í haust. Gert er ráð fyrir að stígarnir verði malbikaðir amk. við Sjafnargötuna.

Framkvæmdin telst ekki matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Með umsókninni fylgja teikningar er sýna fyrirhugaðar framkvæmdir.

Virðingarfyllst,



---

Jónas Valdimarsson  
Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar